

Bæjarstjórn Fjallabyggðar

240. fundur

08. mars 2024 kl. 12:00 - 12:42

í Tjarnarborg Aðalgötu 13 Ólafsfirði

Nefndarmenn

S. Guðrún Hauksdóttir forseti
bæjarstjórnar, D-lista
Tómas Atli Einarsson bæjarfulltrúi, D lista
Helgi Jóhannsson bæjarfulltrúi, H lista
Guðjón M. Ólafsson bæjarfulltrúi, A lista
Sæbjörg Ágústsdóttir bæjarfulltrúi, A lista
Porgeir Bjarnason bæjarfulltrúi, H lista
Arnar Pór Stefánsson bæjarfulltrúi, A lista

Starfsmenn

Sigríður Ingvarsdóttir bæjarstjóri
Bragi Freyr Kristbjörnsson deildarstjóri
stjórnsýslu og fjármála

Fundargerð ritaði: Bragi Freyr Kristbjörnsson deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála

1. Úthlutun byggðakvóta 2023-2024

Málsnúmer 2312003

[Vakta málsnúmer](#)

Á 237. fundi bæjarstjórnar var lagt fram erindi Matvælaráðuneytisins þar sem Fjallabyggð er tilkynnt hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins við úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023-2024.

Á 814. fundi bæjarráðs var bæjarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fyrir bæjarstjórn drög að reglum um byggðakvóta fyrir Fjallabyggð þar sem haft verði að leiðarljósi hámarksnýting byggðakvótans.

Bæjarstjórn samþykkti tillögur að sérreglum um byggðakvóta með 7 atkvæðum, þó með þeim breytingum að sérreglur í reglugerð hvað varðar Fjallabyggð yrðu með þeim hætti að heimilt yrði að landa afla innan sveitarfélags óháð því í hvoru byggðarlagi bátur fær úthlutun, einnig er lagt til að hámark úthlutunar til hvers skips verði ekki meiri en 80 tonn. Þann 25. janúar 2023 birtist í B-deild Stjórnartíðinda auglýsing Matvælaráðuneytisins um (1.) staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024, þar sem ráðuneytið staðfesti sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í Fjallabyggð.

Ekki fallist á breytingatillögu Fjallabyggðar að öllu leyti, þar sem áfram er vinnsluskylda innan sveitarfélagsins á lönduðum afla.

Samþykkt

Bæjarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að sérreglum um byggðakvóta með 7 atkvæðum.

Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að senda ráðuneytinu eftirfarandi ósk um breytingu á sérreglum Fjallabyggðar í reglugerð 852/2023 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023-2024.

a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa í sveitarfélaginu þeim afla sem telja á til byggðakvóta sveitarfélagsins og til vinnslu á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

Fundi slitið - kl. 12:42.